

Sp. 383. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun erfðalaganna.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frv. til laga um erfðir, sem meira er sniðið eftir þeim aldarhætti, er nú ríkir, en gildandi lög, og leggja það fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það leikur varla á tveim tungum, að lög þau, er nú gilda um erfðir, aðallega tilskipun frá 25. sept. 1850, séu orðin mjög úrelt, t. d. hversu erfðarétturinn nær langt fram til fjarskyldra ættingja. Þar sem framfærsluskylda ættingja er nær horfin, virðist sjálfsgagt að takmarka líka erfðarétt fjarskyldra ættingja hins látna, og hið lengsta, sem ég gæti hugsað mér, að teygja mætti erfðaréttinn, er, að afkomendur afa og ömmu arfleiddanda tækju arf eftir hann, og eru þeir þó ekki taldir nánir ættingjar, t. d. þegar arftaki er fjórði maður frá afa arfleiddanda, eins og oft á sér stað.

Þá eru ákvæðin um arfleðsluskrá á margan hátt úrelt ásamt fleira í téðri tilskipan og ákvæðum um erfðir í 5. bók norsku laga Kristjáns V.

Fyrir fimm árum kom fram á Alþingi frv. um breyting á erfðalögum, og var það afgreitt með rökstuddri dagskrá þess efnis, að stjórnin léti fram fara gagngera endurskoðun á erfðalöggjöfinni. Síðan hafa orðið tvenn stjórnaskipti, en ekkert hreyft við löggjöf þessari. Þykir því sýnt, að ekki verði hafizt handa um mál þetta að svo komnu, ef hæstvirt ríkisstjórn er ekki á það minnt.